

Borgarráð 18.7.'19: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands varðandi eingreiðslu - R19070165

Það er gott að sjá að Reykjavíkurborg muni greiða starfsfólki sínu eingreiðslu 1. ágúst vegna frestunar á kjarasamningsviðræðum en Samband íslenskra sveitarfélaga (SÍS) hefur lagst gegn því að starfsfólk annarra sveitastjórna sem eru félagar Starfsgreinasambandsins fái slíka greiðslu og vísar til þess að viðræður séu komnar til ríkissáttasemjara og viðræðuáætlun fallin úr gildi. Slíkt á ekki við um Reykjavíkurborg þar sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ekki umboð í kjarasamningaviðræðum fyrir Reykjavíkurborg. Hver er ástæða þess að SÍS hefur umboð fyrir öll sveitarfélögin en ekki Reykjavíkurborg. Er þetta nýlegt eða hefur þetta lengi verið svona? Hefur SÍS umboð frá Reykjavíkurborg í einhverjum tilfellum, þ.e.a.s. umboð til kjarasamningsgerðar sem takmarkast við ákveðin störf innan Reykjavíkurborgar? Hvaða störf eru það?